

Sp. **196. Fyrirspurnir.** [146. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um undirbúning frumvarps um umhverfismál.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvenær hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um umhverfismál sem boðað var í upphafi þings?
2. Hefur verið skipuð nefnd til að yfirfara áður gerð frumvörp um umhverfismál eða semja enn eitt um þau mál?
3. Ef svo er, hverjir skipa þá nefnd og hvenær hyggst hún ljúka störfum?

II. Til sjávarútvegsráðherra um frumvarp um selveiðar við Ísland.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um selveiðar við Ísland og þá hvenær?
2. Hver yrðu meginmarkmið frumvarpsins?

III. Til menntamálaráðherra um táknmálakennslu í grunnskólum.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að tekin verði upp kennsla í táknmáli í grunnskólum landsins?